



354. fundur Afrekssjóðs ÍSí 4. júní 2026 kl. 12.10

Mætt öll á Teams

Stjórn: Pórey Edda Elísdóttir formaður (PE), Stefán Jóhannesson (SJ), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL), Daníel Jakobsson (DJ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

1. Breytingar á reglum og viðmiðum vegna úthlutunar 2027

Umræða fór fram um hvar verkefnið væri statt. Starfsmenn AMÍ og ASJ hafa verið að rýna reglur og viðmið út frá athugasemdum sérsambanda.

Var staðan kynnt fyrir Olgu formanni stjórnar AMÍ 3. júní.

Meginþema í vinnu við breytingarnar hefur verið að gera reglur og viðmið gegnsærri og fyrirsjáanlegri og minnka ágreining vegna flokkunar sérsambanda. Áfram yrði meiri áhersla á rauntölur frekar en áætlanir.

Var á fundinum birtur nýr árangurskvarði sem er í vinnslu sem grundvöllur fyrir flokkun á sérsamböndum sem starfsfólk AMÍ og ASJ hefur verið að skoða undanfarið. Einnig hvernig úthlutun 2027 gæti litið út mv. þann kvarða og aðeins breytingar á fjárhæðum í afrekspætti.

Umræða fór fram um breytingarnar.

Vinnuskjöl voru send til stjórnar AMÍ eftir fundinn til glöggvunar.

Starfsmenn ASJ og AMÍ munu áfram vinna að breytingunum.

Munu svo stjórnir AMÍ og ASJ koma að borðinu og rýna með starfsfólkinu. Stefnt að kynna drög að nýjum reglum og viðmiðum fyrir sérsamböndum í ágúst og leggja fyrir framkvæmdastjórn á fundi í lok ágúst.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

SJ yfirgaf fundinn kl. 12.37.

DJ yfirgaf fundinn kl. 12.45.

Fundi slitið kl. 12.57